

**Sb. 303. Tillaga til þingsályktunar [130. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands h/f til flugvélakaupa.

Frá fjármálaráðherra.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að aðstoða Flugfélag Íslands h/f við kaup á tveimur millilandaflugvélum með því að veita ríkisábyrgð fyrir erlendu láni, er jafngildi allt að  $\frac{2}{3}$  hlutum af kaupverði flugvélna með fylgifé, þó eigi hærri fjárhæð en 33 millj. króna. Ríkissjóður fái 1. veðrétt í vélunum og að öðru leyti þær tryggingar, er ríkisstjórnin metur gildar.

**Greinargerð.**

Flugfélag Íslands á nú kost á að festa kaup á tveimur fjögurra hreyfla flugvélum til millilandaflugs af gerðinni Vickers Viscount 700 D. Yfirleitt er a. m. k. tveggja ára afgreiðslufrestur á slíkum vélum, en af sérstökum ástæðum stendur Flugfélaginu nú til boða að kaupa 2 vélar af þessari gerð, nýframleiddar og ónotaðar, ef samið er strax. Flugvélar af þessari gerð eru nú mjög eftirsóttar, og er talið, að þær mundu valda straumhvörfum um flugsamgöngur milli Íslands og Evrópu.

Ríkisstjórnin hefur að athuguðu máli talið rétt að stuðla að því, að Flugfélaginu takist að ná samningum um vélar þær, er hér um ræðir, og fer með þingsályktun þessari fram á heimild Alþingis til þess að veita ríkisábyrgð á nauðsynlegum lánunum, svo að af kaupunum geti orðið.